



# Yfirlæknir á sviði eftirlits

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lækni til að vinna að eftirliti með þjónustu heilbrigðisstarfsmanna og -stofnana. Um er að ræða fullt starf en möguleiki á hlutastarfi. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á almenna þekkingu í læknisfræði, samskipta-hæfni og fagmennsku.

## Helstu verkefni

- Meðferð og rannsókn kvartana, atvika, ábendinga og eftirlitsmála.
- Samskipti við helstu samstarfsaðila innanlands og erlendis um eftirlit með heilbrigðisþjónustu, með áherslu á heilbrigðisstarfsmenn.
- Önnur verkefni að beiðni landlæknis og sviðsstjóra.

## Kröfur um þekkingu og hæfni

- Sérfræðimenntun í læknisfræði.
- Víðtæk starfsreynsla sem sérfræðilæknir.
- Góð færni í að rita íslensku.
- Almenn tölvukunnátta.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri sviðs eftirlits og frávika en viðkomandi mun vinna í nánú samstarfi við teymi sérfræðinga sem hefur umsjón með lögbundnu eftirliti landlæknis með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisþjónustu.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Embættis landlæknis, á netfangið [annabara@landlaeknir.is](mailto:annabara@landlaeknir.is).

Frekari upplýsingar um starfið veitir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri eftirlits og frávika, netfang: [annabara@landlaeknir.is](mailto:annabara@landlaeknir.is).

Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað.



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is) • [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)